

## 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi 1. október 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 25. ágúst 1987.*

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

1. september 1987

Nr. 432

**REGLUGERÐ****um starfsheiti og starfsréttindi matvælafræðinga.**

## 1. gr.

Rétt til þess að kalla sig matvælafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

## 2. gr.

Starfsleyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa B.S. prófi í matvælafræðum frá Háskóla Íslands. Ráðherra getur að fenginni umsögn Matvæla- og næringafræðingafélags Íslands og þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem matvælafræði eru kennd, veitt þeim starfsleyfi, ótakmarkað eða tímabundið, sem lokið hafa sambærilegu háskólaprófi erlendis. Í þeim tilvikum skal umsækjandi sanna þekkingu sína í íslenskri matvælafræðingafélags og mæltu og rituðu íslensku máli, séu um erlenda ríkisborgara að ræða.

## 3. gr.

Matvælafræðingur skal starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um matvæli og aðrar neysluvörur. Starfssvið matvælafræðinga er á heilbrigðisstofnunum, kennslustofnunum heilbrigðisstétta og matvælastofnunum. Matvælafræðingar starfa á eigin ábyrgð.

## 4. gr.

Óheimilt er að ráða sem matvælafræðinga aðra en þá, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

## 5. gr.

Matvælafræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur gilda um starfólk það sem matvælafræðingar kunna að hafa í starfi.

## 6. gr.

Matvælafræðingi ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

## 7. gr.

Um matvælafræðinga gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969, svo sem um viðurlög við brotum í starfi, sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsleyfis.

8. gr.

Ráðherra getur í auglýsingu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar reglugerðar.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. september 1987.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 433

17. september 1987

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1987-1988 nr. 445 29. október 1986.**

1. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, 12. gr. A, svohljóðandi:

Skerða skal fullvirðisrétt, sem reiknast skv. ákvæðum þessa kafla, taki framleiðandi út ófrost kjöt og slátur úr afurðastöð umfram eftirfarandi mörk:

1. Framleiðandi á lögbýli getur tekið allt að 60 kg af ófrostu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu fyrir hvern heimilismann sem hafði þar lögheimili 1. desember 1986 skv. þjóðskrá.
2. Framleiðandi utan lögbýlis getur tekið allt að 60 kg af ófrostu kjöti auk sláturs af eigin framleiðslu.

Taki framleiðandi út meira magn úr afurðastöð en um getur í 1. og 2. tl. 1. mgr., skerðist fullvirðisréttur hans um það magn og jafnframt skerðist heildarfullvirðisréttur til framleiðslu á kindakjöti sbr. 2. gr. um sama magn. Óheimilt er að taka kjöt út úr afurðastöð eftir að það hefur verið frost. Heimild til að taka út kjöt eftir ákvæðum þessarar greinar án þess að það skerði fullvirðisrétt viðkomandi framleiðanda, fellur niður hjá þeim aðilum sem slátra utan afurðastöðvar.

Afurðastöðvum er skylt að halda sérstaka skrá yfir allt heimtekið kjöt, þar sem fram koma allar sömu upplýsingar og um innlagt kindakjöt. Skrár þessar skal senda Framleiðsluráði landbúnaðarins með sláturskýrslum og skal það annast útreikninga er sýna breytingu fullvirðisréttar skv. reglum þessum og tilkynna það viðkomandi afurðastöð áður en fullnaðaruppgjör fer fram skv. 12. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að merkja allt kjöt sem tekið er út úr afurðastöð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, með stimpli sem á stendur „HEIMTEKIÐ KJÖT — EKKI SÖLUVARA“. Stimpla skal skrokka á sex stöðum alls. Hvorn helming skal stimpla á þremur stöðum, á bóg, hrygg og læri.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 17. september 1987.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*